

Vopnafjarðarhreppur
Sigurður Jónsson, skipulagsfulltrúi
Hamrahlíð 15
690 Vopnafirði

Garðabær, 16. júní 2025
202505-0103/F.G.J.
08.04

Efni: Umsögn - Framkvæmdarleyfi - Selsárvellir, skógrækt á þjóðlendu í Vopnafjarðarhreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst þann 21. maí síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um framkvæmdaleyfi Six Rivers Iceland til skógræktar og landgræðslu á þjóðlendu í hreppnum.

Í umsókninni kemur fram að Six Rivers Iceland sækir um leyfi til að stunda landbætur á þjóðlendu í innanverðum Selárdal í formi skógræktar og landgræðslu. Engar aðrar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðinu utan lítilsháttar girðingar sem er sögð nauðsynleg vegna eðlis uppgræðslu sem áformað er að stunda.

Framkvæmdarsvæðið telur skv. umsókn alls 1300 hektara, þar af eru rúmlega 550 ha melar, tæpir 540 ha fjalldrapamói og tæplega 180 ha votlendi. Fyrirhugaðar aðgerðir eru liður í því meginverkefni Six Rivers Iceland að stuðla að bættum lífsskilyrðum norður-Atlantshafslaxins. Auk plöntunar trjáa og runna í gróin svæði á því landi sem um ræðir er fyrirhugað að setja af stað rannsókn til að finna bestu leiðina til að endurheimta gróður/vistkerfi á svæði þar sem orðið hefur mjög mikil eða alger eyðing gróðurs.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila á fyrri stigum málsins er að finna góða lýsingu á þeim vistgerðum sem finnast á svæðinu, og rímar hún ágætlega við það sem sjá má á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Á framkvæmdarsvæðinu er stórt votlendissvæði sem flokkast mestmegnis sem brokflóavist og tjarnastararflóavist og að litlu leiti sem runnamýrarvist. Restin af framkvæmdarsvæðinu er aðallega eyðimelavist og fjalldrapamóavist. Vistgerðirnar í votlendinu hafa allar mjög hátt verndargildi en hið sama gildir ekki um hinar vistgerðirnar, þó fjalldrapamóavist sé með miðlungshátt verndargildi. Tjarnarstararflóavist og fjalldrapamóavist eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Fram kemur að ekki verði gróðursett í votlendi og þar með verði vistgerðunum sem finnast þar ekki raskað. Það telur Náttúruverndarstofnun jákvætt, enda eru votlendisvistgerðirnar

mikilvægur hluti vistkerfa og styðja við hinar ýmsu fuglategundir og þá sér í lagi vaðfugla sem eiga almennt undir högg að sækja á landsvísu.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum á matskyldufyrirspurnarstigi¹ kom fram að sett yrði upp fuglavöktunarsnið á svæðinu, sem og á samanburðarsvæði utan framkvæmdarsvæðisins, svo hægt væri að meta hvaða tegundir eru að nýta svæðið og hvort framkvæmdir muni hafa áhrif á þær. Náttúruverndarstofnun hefur ekki upplýsingar um um niðurstöður þessa mats en telur mikilvægt að þær liggi opinberlega fyrir áður en leyfi er veitt og framkvæmdir hefjast, svo hægt sé að skera út um það hvort framkvæmdirnar hafi áhrif á fuglalíf eða ekki.

Trjátegundir og bakkagróður

Í umsókninni er tekið fram að sambærileg verkefni hefðu hafist árið 2017 og einblínt hafi verið á að gróðursetja innlendar trjá- og runnategundir. Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess, sér í lagi þar sem tilgangur verkefnisins er að hafa áhrif á vatnabúskap áa í nágrenninu.

Nefnt er að aðstæður á einstökum stöðum geti kallað á að notaðar séu aðrar tegundir en innlendar. Stofnunin leggur áherslu á að það sé gert í samstarfi við fagaðila, þá sérstaklega Land og skóg, og undirstrikar mikilvægi þess að athuga vel hvort tegundir geti mögulega gerst ágengar á svæðinu, en algengar skógræktartegundir hafa sumar sýnt dæmi um slíka hegðun (aðallega barrtré líkt og stafafura² og sitkagreni³, sem stofnunin telur ósennilegt að verði gróðursett í þessu verkefni, með tilliti til markmiða þess).

Í 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er fjallað um vernd bakkagróðurs. Þar kemur fram að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Í svörum framkvæmdaraðila við þessum athugasemdum Umhverfisstofnunar⁴ (nú Náttúruverndarstofnunar) kemur fram að ætlunin sé að gróðursetja ekkert innan 30 metra frá árbökkum. Stofnunin er sáttt við þær áætlanir og mælist til þess að það sé sett inn í skilmála framkvæmdarleyfisins.

Votlendi

Á framkvæmdarsvæðinu er að finna 180 ha landssvæði sem flokkast sem lítt raskað votlendi. Slík svæði njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

¹ Six Rivers Iceland, 2024. Viðbragð við umsögnum - Skógræktarframkvæmdir í Selárdal - Málsnúmer 502/2024.

² P. Wasowicz, G. Óskarsdóttir og P.E. Þórhallsdóttir, 2025. Lodgepole pine invasion in subarctic Iceland: evidence from a long-term study. *NeoBiota*, 97, bls. 47-66.

³ Nygaard, P.H. og Øyen, B.H., 2017. Spread of the introduced sitka spruce (*Picea sitchensis*) in coastal Norway. *Forests*, 8, bls. 24.

⁴ Six Rivers Iceland, 2024. Viðbragð við umsögnum - Skógræktarframkvæmdir í Selárdal - Málsnúmer 502/2024.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun lítt raskaðs votlendis **nema brýna nauðsyn beri til** og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Á fyrri stigum málsins skrifaði framkvæmdaraðili í greinargerð að ekki yrði átt við votlendi innan framkvæmdasvæðisins á neinn hátt og reynt verði að koma í veg fyrir að tegundir dreifi sér þangað með því að gróðursetja í a.m.k. 50–100 metra fjarlægð frá votlendi. Náttúruverndarstofnun telur það jákvætt og leggur ríka áherslu á það að þessu sé fylgt eftir og verði sett inn í skilmála framkvæmdarleyfisins.

Vatnamál

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Í samræmi við lögin var gerð vatnaáætlun 2022–2027 en mikilvægt er að öll leyfi sem gefin eru út fyrir framkvæmdir sem gætu haft áhrif á vatn séu í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Í greinargerð á fyrri stigum málsins kom fram að stöðugt eftirlit verði með ástandi ána og að sumarið 2024 yrði gert grunnmat á stöðu þörunga og hryggleysingja í ánum. Náttúruverndarstofnun hefur ekki upplýsingar um niðurstöður grunnmatsins en telur mikilvægt að þær liggi opinberlega fyrir áður en leyfi er veitt og framkvæmdir hefjast. Á heimasíðu [Umhverfis- og orkustofnunar](#) eru að finna leiðbeiningar um gerð slíks áhrifamats.

Rannsókn

Auk skógræktarinnar hefur framkvæmdaraðili hugmyndir um landgræðslurannsókn, þar sem lagðir yrðu 5x15m tilraunareitir til þess að skoða hvernig best sé að endurheimta gróður/vistkerfi á örfoka landi. Við umsjón rannsóknarinnar koma til aðstoðar Land og skógur og Landbúnaðarháskóli Íslands. Náttúruverndarstofnun lítur jákvæðum augum á rannsókna sem er undir handleiðslu sérfræðinga. Stofnunin mælist til þess að niðurstöður rannsóknarinnar verði kynntar helstu stofnunum og hagsmunaaðilum sem fara með tengd mál. Leggja ætti áherslu á að innan reitanna sé ekki fuglavarpi, þar sem t.a.m. tjaldur og sandlóa nýta sér mela til varps.

Samantekt og fyrirvarar

Hér er til umsagnar erindi varðandi leyfi til skógræktar dagsett 13. október 2023. Náttúruverndarstofnun bendir á að verkefnið hefur komið til álita sem matskyldufyrirspurn hjá Skipulagsstofnun þar sem framkvæmdaraðili veitti svör við umsögnum umsagnaraðila dags. 24. júní 2024.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum marskyldufyrirspurnar dags. 24. júní 2024⁵ koma fram fleiri fyrirætlanir og útfærslur sem ekki eru tilgreindar í upphaflegu erindi dags. 13. október 2023⁶ sem er hér til umfjöllunar.

Þar kemur meðal annars fram að hafin verði fuglavöktun á framkvæmdarsvæðinu og á samanburðarsvæði utan þess, til að meta tegundasamsetningu og möguleg áhrif framkvæmda á fuglalíf. Þessi áætlun er ekki rakin í umsókninni sjálfri, en skiptir verulegu máli í ljósi þess að svæðið hefur mögulegt gildi sem varpsvæði ábyrgðartegunda Íslands.

Fram kemur einnig í svörum að framkvæmdaraðili stefni að því (en það geti breyst) að nota að mestu birki og víðitegundir í ákveðnum hlutföllum: um 70% birki, 20% loðvíði og 10% gulvíði. Þessar upplýsingar eru ekki hluti af upphaflegri greinargerð, þar sem aðeins er fjallað með almennum hætti um notkun innlendra tegunda og mögulega aðlögun eftir staðbundnum aðstæðum. Þá kemur þar jafnframt fram að verið sé að skoða ræktun staðaryrkis birkis úr Bustarfellsskógi, til að tryggja að notaðar verði tegundir sem eru aðlagðar veðurfarslegum aðstæðum svæðisins. Slíkt væri til bóta en þessi fyrirætlun kemur hvergi fram í framkvæmdarleyfisumsókn.

Í svörum er einnig lýst hugmyndum um sérstaka tilraunareiti þar sem prófað verði að nýta innlendar niturbindandi plöntur eins og hvítsmára, rauðsmára og umfeðming í bland við önnur uppgræðslufni, t.d. búfjáraður. Tilgangurinn er að finna árangursríkar leiðir til að endurheimta gróður á melum í mikilli hæð, en þessum tilraunum er ekki lýst ítarlega í erindinu, þó almennt minnisblað fylgi nú.

Að auki kemur fram í svörunum að framkvæmdaraðili hyggist ekki nota tilbúinn áður né varnarefni á svæðinu, til að lágmarka áhrif á viðkvæm vistkerfi og vatnshlot. Slíkt er ekki tekið fram í erindinu en skiptir verulegu máli í mati á áhrifum framkvæmda á vistkerfi vatna og vatnsgæði.

Loks er í svörunum lögð áhersla á að við gróðursetningu verði hvorki notast við stórtækar vinnuvélar né farið í jarðvinnslu, og að gróið land verði ekki rofið. Slík útfærsla er aftur á móti ekki rakin í greinargerðinni sjálfri. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þessir þættir verði staðfestir sem hluti af skilmálum framkvæmdaleyfis og þeir gerðir formlegir hlutar af framkvæmdaráætlun, enda varða þeir lykilatriði er snúa að áhrifum á jarðveg, vistkerfi og vatn.

Virðingarfyllt,

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

⁵ Six Rivers Iceland, 2024. Viðbragð við umsögnum - Skógræktarframkvæmdir í Selárdal - Málsnúmer 502/2024.

⁶ Six Rivers Iceland, 2023. Umsókn um leyfi til skógræktar og uppgræðslu á þjóðlendu innarlega í Selárdal í Vopnafirði.

Axel Benediktsson
sérfræðingur